

Málskostnaður fellur niður.
Krafa umboðsmanns gerðarþola um vítur verður ekki tekin til greina.

Föstudaginn 13. janúar 1967.

Nr. 200/1966. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson settur saksóknari)
gegn

Sigurjóni Guðbirni Sigurjónssyni

(Ingi Ingimundarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn kvað upp Andrés Valdimarsson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi.

Ákærða er gefið að sök að hafa undir áhrifum áfengis ekið eða reynt að aka bifreiðinni R 10308, eins og nánar er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Gangsetning bifreiðar verður að teljast þáttur í akstri hennar, sbr. 1. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 7.000.00, og málf lutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurjón Guðbjörn Sigurjónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 7.000.00, og málf lutningslaun verj-

anda síns fyrir Hæstarétti, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 14. apríl 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. marz 1966, er höfðað af saksóknara ríkisins með ákæru, dagsettri 21. marz 1964, gegn Sigurjóni Guðbirni Sigurjónssyni iðnnema, Álfhólsvegi 6, Kópavogi, fyrir að hafa um kl 0400 aðfaranótt sunnudagsins 12. janúar 1964 undir áhrifum áfengis reynt að aka (sic) bifreiðinni R 10308 með því að taka hana lítið eitt af stað út á götuna fyrir utan hús nr. 19 við Laufásveg í Reykjavík.

Telst þetta varða við 2., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengisлага nr. 58/1954.

Er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengisлага og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er 12. september 1943 í Reykjavík, hefur sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1961 28/12 í Kópavogi: Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

1962 7/2 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir umferðarslys.

1963 12/3 í Kópavogi: Dómur: 2.500 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 11. 9. 1962 fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum.

1963 3/10 í Kópavogi: Sátt, 200 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.

1964 6/2 í Kópavogi: Sátt, 300 kr. sekt fyrir umferðarslys.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 12. janúar 1964 voru lögregluþjónarnir Ragnar Bergsveinsson, nr. 36 í borgarlögreglu Reykjavíkur, og Guðmundur Hermannsson varðstjóri á eftirlitsferð í lögreglubifreiðinni R 2005. Er þeir óku suður Laufásveg, veittu þeir athygli bifreiðinni R 10308, er var að taka af stað út í götuna frá húsi nr. 19 við fyrrenfnda götu, en í sama mund voru lögregluþjónarnir komnir við hlið bifreiðarinnar.

Var þar haft tal af ökumanni, Sigurjóni Sigurjónssyni, Álfhólsvegi 6 í Kópavogi. Frá vitum hans lagði sterkan áfengisþef, enda viðurkenndi hann mikla áfengisneyzlu. Er lögregluþjónarnir komu að bifreið ákærða, var hún með fullum ljósum. Var síðan farið með ákærða fyrir varðstjóra, þar sem tekin var af

honum varðstjóraskýrsla. Þar segir ákærði, að hann hafi ekki verið að aka, en viðurkennir að hafa ræst vél bifreiðarinnar R 10308, er lögreglan kom að. Fyrir varðstjóra viðurkenndi ákærði neyðlu áfengis, þ. e. Genevers, en hversu mikið hann hafi drukkið, gat hann ekki sagt um. Áfengi þetta drakk hann fyrst í Glaumbæ og síðan að Laufásvegi 18.

Þar, sem segir í skýrslu varðstjóra um útlit og önnur einkenni ákærða, kemur fram, að sterkur áfengisþefur var af andardrætti ákærða, augu voru vot og jafnvægi óstöðugt, en að öðru leyti var framkoma og útlit ákærða eðlilegt.

Að lokinni skýrslutöku hjá varðstjóra var farið með ákærða á slysavarðstofuna til blóðtöku, og reyndust reducerandi efni í blóði hans vera 1.03%.

Fyrir sakadóm Kópavogs kom ákærði hinn 21. janúar 1964. Þar skýrði hann svo frá, að hann hefði ásamt Ingvari Sveinssyni, Suðurgötu 18 í Reykjavík, aðfaranótt 12. janúar 1964 drukkið Genever, fyrst í Glaumbæ, en síðan að Laufásvegi 18, en hversu mikið hann hafi drukkið, kveðst hann ekki vita. Skömmu fyrir kl. 0300 fyrrgreinda nótt yfirgáfu þeir fyrrnefnt hús við Laufásveginn, en voru þá óákveðnir, hvert þeir ættu að fara. Voru þeir þá staddir hjá bifreiðinni R 10308, sem er eign bróður ákærða og hann hafði komið í heiman að frá sér, áður en hann fór í Glaumbæ. Ákærða og fyrrnefndum Ingvari var kalt, og stakk ákærði því upp á því, að þeir settust inn í bifreiðina og ræddu málið. Ræsti ákærði nú bifreiðina með þar fyrir augum að hita hana upp og til þess að hlusta á útvarp. Skömmu eftir að ákærði hafði ræst bifreiðina, komu lögregluþjónarnir að og færðu ákærða á lög-reglustöðina. Fyrir sakadómi skýrir ákærði svo frá, að hann hafi verið staðráðinn í því að aka ekki bifreiðinni, því að hann hafi fundið mjög greinilega til áfengisáhrifa. Ákærði kveðst áður hafa skilið bifreiðina R 10308 eftir fyrir utan húsið nr. 18 við Laufásveg, þegar hann hafi farið í Glaumbæ. Þetta hafi hann gert, ef hann hafi bragðað vín á fyrrnefndum veitingastað, en sótt hana síðan daginn eftir, er hann hafði jafnað sig.

Hinn 22. jan. 1964 kom fyrir sakadóm Kópavogs sem vitni Ingvar Sveinsson. Segir vitnið, að ákærði hafi komið heim til þess fyrrgreint kvöld og verið þá ódrukkinn. Þaðan ók ákærði síðan að ljósmyndastofunni „Stúdíó Gests“ við Laufásveg og skildi bifreiðina þar eftir. Fóru þeir síðan í Glaumbæ, vitnið og ákærði, um kl. 2200. Þar drakk ákærði talsvert á barnum og var orðinn talsvert drukkinn, er þeir fóru, og svo var einnig um vitnið. Um

kl. 0100 fóru þeir í „Stúdíó Gests“ og dvöldust þar til kl. 0300. Þar drukku þeir Genever úr coca-cola flösku, en það höfðu þeir keypt á barnum í Glaumbæ. Eftir að út af „Stúdíó Gests“ var komið, stóðu þeir fyrst á tröppunum og ræddu um það, hvert halda skyldi. Var þeim kalt og settust því inn í bifreið þá, sem ákærði var með. Segir vitnið, að þar hafi þeir ætlað að sitja og hlusta á útvarp og hafi ákærði ræst bifreiðina, og taldi vitnið ákærða gera þetta til að hita upp bifreiðina og til þess að viðhalda rafmagni fyrir útvarpið. Ekki var vitninu kunnugt um, að ákærði hafi ætlað að aka bifreiðinni, en inn í hana hafi þeir farið til að hlýja sér og ræða um það, hvert þeir ættu að fara. Vitnið segir, að lögreglan hafi komið að innan mínútu, eftir að Sigurjón hafði ræst bifreiðina.

Hinn 28. febrúar 1964 mætti sem vitni í máli þessu Ragnar Bergsveinsson, lögregluþjónn í Reykjavík. Vitnið skýrir svo frá, að sunnudaginn 12. janúar 1964 um kl. 0400 hafi það ásamt Guðmundi Hermannssyni varðstjóra verið í eftirlitsferð í lögreglubifreiðinni R 2005. Voru þeir á suðurleið eftir Laufásvegi, er vitnið veitti athygli bifreið, sem verið var að taka af stað út í götuna frá húsi nr. 19, en þar hafði henni verið lagt, að því er virtist. Hafði vitnið tal af öikumanni bifreiðarinnar og merkti strax, að frá vitum hans lagði sterkan áfengisþef. Staðfesti vitnið síðan nafnritun sína undir lögregluskýrslu og sagði, að þar væri rétt skýrt frá öllu eftir beztu vitund þess. Vitnið sagði, að greinilegt hefði verið, að verið var að taka bifreið þá, sem fyrr er nefnd, af stað, þar sem sjá mátti, að hjól bifreiðarinnar snerust áfram, og hún hreyfðist aðeins áfram. Sagði vitnið, að hjól bifreiðarinnar hefðu snúizt áfram hluta úr hring, en eigi fullan hring. Einnig segir vitnið, að bifreið ákærða hafi verið með fullum ljósum, þar á meðal framljósum. Vitnið kveðst vera alveg visst um það, að verið var að taka bifreið ákærða af stað í þessu tilviki, sem hér um ræðir.

Vitnið vann eið að þessum framburði sínum.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Guðmundur Kristján Hermannsson lögregluvarðstjóri. Vitnið kveðst sjálfst hafa tekið varðstjóraskýrslu í máli þessu og staðfestir hana rétta í öllum atriðum. Enn fremur segir vitnið, að allt, sem í lögregluskýrslunni standi, sé rétt og geti það borið um hvert einstakt atriði af eigin skynjun, því að það hafi sjálfst fylgzt með því, sem gerðist. Um það atriði, að verið hafi að taka bifreiðina af stað út í götuna, segir vitnið, að er þeir óku suður Laufásveginn í lögreglubif-

reiðinni, hafi þeir séð bifreiðina R 10308 við sína vinstri gangstéttarbrún fyrir framan húsið nr. 19 við Laufásveg. Hafi bifreiðin verið með fullum ljósum, í gangi og með fulllagt á stýri til hægri. Er þeir nálguðust bifreiðina, hafi hún tekið kipp áfram og stöðvazt skyndilega. Vitnið kvaðst hafa séð hreyfingu á bifreiðinni áfram, en ekki geta fullyrt, að það hafi séð snúning á hjólum bifreiðarinnar. Kveðst vitnið telja, að hreyfing bifreiðarinnar hafi numið sem svarar $\frac{1}{4}$ til $\frac{1}{2}$ snúning hjóla. Þegar vitnið skynjaði þetta, kveður það bifreið sína hafa verið á ferð. Vitnið kveður lögreglubifreiðina hafa stöðvazt við hlið bifreiðarinnar R 10308 rétt í þann mund, er hún stöðvaðist. Ekki kveðst vitnið hafa séð hemlaljós, enda hafi það verið á hlið við R 10308, en hins vegar hafi það séð bílinn taka dífu niður að framan, eins og þegar hemlað er. Ekki kveðst vitnið hafa séð, að stýri hafi verið snúið eða að framhjól snerust til hliðar, en það hafi verið fulllagt á stýrið til hægri, er það kom að.

Sama dag kom ákærði fyrir sakadóm, og voru honum þar kynnt framlögð skjöl. Hann kveður það alveg víst, að bifreiðin R 10308 hafi ekki hreyft áfram, hann hafi ekki ætlað að aka henni, en hann hafi stigið á hemla, er hann hreyfði skiptistöng úr hlutlausu í parkeringsgír. Ákærði sagði, að bifreiðinni, sem er sjálfskipt, verði að starta í hlutlausum gír, en hins vegar hafi hann sett hana í parkeringsgír til þess að láta hana ganga án þess að aka. Hann kvað bifreiðina nokkuð hratt stillta og því sé aðeins hugsanlegt, að einhver smákippur hefði getað komið aftur á bak, en alls ekki áfram, þegar hreyft var úr hlutlausum gír yfir í afturábak-gír og í parkeringsgír. Ákærði heldur fast við það, að hann hafi ekki ætlað að aka og fullyrðir, að framburðir um hreyfingu áfram séu rangir, en hins vegar þori hann ekki að fullyrða, að einhver kippur aftur á bak gæti hafa orðið, þar sem fara þurfti yfir afturábak-gír til að komast í parkeringsgír. Ákærði kveðst aldrei hafa sett bílinn í áframgír. Ekki kvaðst hann hafa hreyft stýri bifreiðarinnar, frá því að hann lagði henni. Ákærði kvaðst ekki muna, hvort bifreiðin hefði verið með fullum ljósum, en hún hafi að minnsta kosti verið með parkljósum.

Þá kom einnig fyrir sakadóm Guðmundur Hermannsson lögregluvarðstjóri, og voru hann og ákærði samprófaðir um það, sem á milli bar í framburðum þeirra, þ. e., hvort bíllinn hafi hreyft áfram, svo sem vitnið segir, og möguleika þess, að hann hafi tekið kipp aftur á bak, svo sem fram kemur í framburði ákærða. Hélt hvor um sig fast við sinn fyrri framburð, og náðist ekki

samræmi að því leyti. Ákærði kvaðst rétt hafa verið að ljúka við að starta bílum og færa hann úr hlutlausum gír í parkeringsgír, er lögreglan kom að.

Vitnið Guðmundur Hermannsson lögregluvarðstjóri vann síðan eið að framburðum sínum.

Í bréfi til sakadóms Kópavogs, ódagsettu, óskar verjandi ákærða eftir því í fyrsta lagi, að leitað verði álitis kunnáttumanna um bifreiðar, hvort ekki geti staðizt frásögn ákærða í sakadómi Kópavogs hinn 28. febrúar 1964 varðandi tæknileg atriði í sambandi við bifreið þá, sem hér um ræðir, sem er Ford-station, árgerð 1955, 8 cyl., sjálfskipt.

Í öðru lagi óskar hann eftir því, að reynt verði að ganga úr skugga um það, meðal annars með athugun á vettvangi, hvort lögreglumenn þeir, er kærðu ákærða í umrætt sinn, hafi getað séð svo lítinn snúning á hjólum bifreiðarinnar R 10308, eins og þeir telji sig hafa séð, einkum með hliðsjón af því, að bifreið þeirra var á ferð og að þetta var um hánótt, 12. janúar 1964.

Með bréfi, dagsettu 16. júní 1964, voru yfirsakadómaranum í Reykjavík send skjöl máls þessa og beðið um, að hlutazt yrði til um framkvæmd athugunar þeirrar á vettvangi, sem óskað var eftir í vörn, og einnig óskað eftir, að verjanda yrði gefinn kostur á að vera viðstaddur athugun.

Síðan voru skjölin hjá sakadómi Reykjavíkur, þar til þau voru endursend með bréfi, dagsettu 3. ágúst 1965, þar sem segir, að skjöl máls þessa séu endursend, þar eð ekki verði séð rök til þess að dómkveðja þar mats- og skoðunarmenn í málinu, sem höfðað sé og rekið fyrir sakadómi Kópavogs.

Fimmtudaginn 9. desember 1965 voru síðan dómkvaddir kunnáttumenn um bifreiðar samkvæmt beiðni verjanda, svo sem fyrr segir, og framkvæmdu þeir síðan athugun hinn 27. janúar 1966.

Í henni segir, að ekki hafi verið hægt að prófa bifreið þá, sem ber númerið 10308, í janúar 1964, þar sem sú bifreið sé óökufær og geymd í skúr í Kópavogi. Til athugunar var fengin bifreiðin R 6315, sem er Ford-fólksbifreið, ágerð 1955, 8 cyl. og sjálfskipt. Síðan segir í álitserðinni, að á Ford-bifreiðum, sjálfskiptum, árgerð 1955, sé útbúnaðurinn þannig í sambandi við gangsetningu, að ekki sé hægt að ræsa vélina, nema gírskiptistöng sé í n. stöðu, þ. e. í hlutlausum gír.

Parkeringsgír, sem er fastur gír, sé aðallega notaður, þegar bifreið er lagt, og sé fastur þannig, að þegar bifreiðin er í parkeringsgír, er hvorki hægt að hreyfa hana aftur á bak né áfram.

Þegar skiptistöng er færð úr hlutlausri stöðu yfir í parkeringsstöðu, verður að fara yfir afturábak-gírstöðu. Ef skiptistöngin er færð rólega og vélin gengur hraðar en venjulegan lausagang, kemur hnykkur á bifreiðina, en hún færist ekki úr stað, ef staðið er á hemlum. Ef skiptistöng aftur á móti er færð óhikað og snöggt úr og í áðurnefnda stöðu, hnykkist bifreiðin ekkert til, jafnvel þótt vélin gangi hratt.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, þykir mega telja fyllilega sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um atferli það, sem í ákæru greinir og er þar réttilega fært til refsíákvæða.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 15 daga með hliðsjón af því, að um ítrekað brot er að ræða.

Þá ber og samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurjón Guðbjörn Sigurjónsson, sæti varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.